

Punktar um sérkenni íslenskrar náttúru

settir niður í tengslum við vef um náttúru Reykjavíkur

Ísland er eyja

Hvernig birtist það í náttúru landsins?

Hafið er áberandi í náttúru Íslands og umfangsmikill hluti af henni. Strönd er allt í kringum landið og víða eru eyjar og sker.

Víðáttumikil hafsvæði tilheyra Íslandi. Íslendingar hafa lögsögu yfir þeim - (200 mílur).

Stór hluti lífvera Íslands tengjast sjó.

Vegna þess að Ísland er eyja er það einangrað frá öðrum löndum. Þetta hefur í för með sér:

Að landnám lífvera (einkum þeirra sem lifa á landi eða í ferskvatni) er erfitt. Hér eru því áberandi fáar tegundir (í samanburði við meginlönd á svipaðri breiddargráðu).

Hér er ákveðið öryggi, t.d. fyrir farfugla sem hingað koma á varptíma

Á Íslandi ríkir úthafsloftslag

...

Ísland er norðarlega á hnettinum

Hvernig skiptir það máli fyrir náttúruna?

Hér eru jöklar.

Jöklar huldu landið á jökulskeiðum. Um 10 þúsund ár eru frá síðasta jökulskeiði.

Hér er víða jökullandslag

Jöklar halda í sér miklum forða vatns. Út frá jöklum renna ár og vatn berst frá þeim í grunnvatnskerfið.

Dagurinn er langur á sumrin og nóttin stutt – og öfugt á veturna.

Kaldara verður eftir því sem norðar dregur frá miðbaug.

...

Á Íslandi er eldvirkni

Hér verða sem sagt eldgos, en hvað þýðir það fyrir náttúruna á Íslandi?

Á eldvirkum svæðum landsins verða reglulega jarðskjálftar. Ísland er á mörkum tveggja jarðskorpufleka sem rekur í sundur.

Á yngri svæðum landsins er berggrunnurinn sprunginn og gljúpur líkt og svampur, en á eldri svæðum er hann þéttur. Þetta hefur áhrif á hvernig vatn rennur þar (sbr. umfjöllun um lindavötn og dragavötn <https://natturareykjavikur.is/vatn/ferskvatnslif/>).

Jarðhita er víða að finna.

Á Íslandi eru fjölbreyttar jarðmyndanir og landslag. Hér er fallett!

Þar sem landið er ungt sjáum við hraun og kannski gjósku.

Búsvæði lífvera eru fjölbreytt og þær aðlagast þeim. Þetta verður til þess að lífverur, sömu tegundar, verða fjölbreyttar. Dæmi: hornsíli sem lifa þar sem er hraun í vatninu eru ólík þeim sem lifa við sandbotn og vatnagróður.

Óstöðugleiki einkennir eldvirk svæði.

Þegar eldgos eru í gangi fylgja þeim oft lofttegundir sem geta verið hættulegar fyrir lífverur, m.a. fólk.

...

Ísland er dreifbýlt

Hvernig skiptir það máli fyrir náttúruna?

Hér er mikið um **villta** náttúru og óraskað land – það er jákvætt fyrir lífríkið.

Hálendi Íslands, eða óbyggðir, eru mestu víðerni í Evrópu.

Sólrún Harðardóttir

20. september 2026